

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um ráðstöfun fjár til löggæslumála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig var því fé varið sem veitt var til löggæslumála í fjárlögum fyrir árið 2014, sbr. athugasemdir við lið 06-390 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014, einkum um eflingu almennrar löggæslu?

Óskað er eftir að í svarinu komi fram eftirfylgni við tillögur þingmannanefndar um skiptingu viðbótarfjármagns til löggæslu 2014, úthlutun til einstakra lögregluembætta og ráðstöfun þess hjá embættunum og heildarupphæð fjárins.

Ráðherra skipaði á árinu 2014 nefnd þingmanna úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi sem fékk það verkefni að skipta því viðbótarfjármagni sem fékkst til löggæslu á árinu 2014. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014 var samþykkt ný viðvarandi 500 millj. kr. fjárveiting til að efla löggæsluna í landinu í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fól ráðherra þingmannanefndinni að gera tillögur um ráðstöfun fjárveitingarinnar.

Tillögur nefndarinnar, sem samþykktar voru af ráðherra, miðuðust við að efla lögreglulið á landsbyggðinni, auka sýnilega löggæslu og efla rannsóknarstarf lögreglu.

Tillögur nefndarinnar um eflingu lögreglunnar á árinu 2014 skiptust að meginstefnu til í fernt, þ.e. fjölgun lögreglumanna, aukinn akstur ökutækja lögreglu, þjálfun og búnaðarmál og mannauðsmál.

Hér á eftir fara tillögur þingmannanefndarinnar sem samþykktar voru af ráðherra.

Við undirbúning tillagna þingmannanefndarinnar var byggt á greiningum ríkislögreglustjóra um fjölda ársverka lögreglumanna hjá einstökum umdæmum, eknunum kílómetrafjölda lögreglubifreiða hvers lögregluumdæmis auk greininga rekstrarskrifstofu ráðuneytisins á nýtingu viðbótarfjárveitinga á árinu 2014 til þess að efla löggæsluna. Niðurstaðan varð sú skipting sem eftirfarandi tafla sýnir.

Tafla 1. Fjárveiting til eflingar almennrar löggæslu 2014:

Embætti	Til fjölgunar			samtals
	starfa	aksturs	annað*	
06 Ríkislögreglustjórinn	17.000.000	555.000	82.800.000	100.355.000
07 Höfuðborgarsvæðið	68.000.000			68.000.000
08 Suðurnes	17.000.000			17.000.000
12 Akranes	17.000.000	4.278.000		21.278.000
13 Borgarnes	17.000.000	7.700.000		24.700.000
14 Stykkishólmur	8.500.000	905.000		9.405.000
18 Vestfirðir	17.000.000	5.479.000		22.479.000
20 Blönduós	8.500.000	4.614.000		13.114.000
21 Sauðárkrúkur	17.000.000	2.083.000		19.083.000
24 Akureyri	34.000.000	5.008.000		39.008.000
25 Húsavík	25.500.000	230.000		25.730.000
26 Seyðisfjörður	25.500.000	701.000		26.201.000
28 Eskifjörður	25.500.000	4.613.000		30.113.000
31 Hvolsvöllur	19.400.000	2.537.000	13.444.000	35.381.000
32 Vestmannaeyjar	25.500.000	142.000		25.642.000
33 Selfoss	34.000.000	511.000		34.511.000
Samtals	376.400.000	39.356.000	96.244.000	512.000.000

*RLS: Búnaður, þjálfun, heilsuefling, Hvolsvöllur: Stöð og bill, hálendi

Í nóvember gerði rekstrarskrifstofa ráðuneytisins könnun á þróun starfsmannafjölda embættanna í því skyni að sannreyna hvort þeir fjármunir sem ætlaðir voru til fjölgunar starfa hefðu skilað sér í auknum starfsmannafjölda. Niðurstaða þeirrar greiningar leiddi í ljós að í flestum tilvikum hafði lögreglumönnum fjölgað svo sem áskilið var. Haft var samband við þau embætti þar sem vanhöld virtust vera á áskilinni fjölgun og í öllum tilvikum komu fram viðhlítandi skýringar. Niðurstaðan varð því sú að allir þeir fjármunir sem ætlaðir höfðu verið til eflingar almennrar löggæslu höfðu verið nýttir til þeirrar eflingar.